



GJALDSKRÁ Rafveitu Reyðarfjarðar

Dreifing raforku frá 01.02.2020

Rafveita Reyðarfjarðar dreifir raforku til notenda á þann hátt og við því verði sem hér segir:

| | Eining | Verð án vsk. | Verð með 24,0% vsk | Verð með 11% vsk |
|--------------------------|---------------------|--------------|--------------------|------------------|
| Orkutaxti 1 (DO1) | Upp að 60A | | | |
| Fastagjald | kr/ár | 19.203 | 23.812 | 21.316 |
| Orkugjald | kr/kWh | 5,25 | 6,51 | 5,83 |
| Jöfnunargjald | kr/kWh | 0,30 | 0,37 | 0,33 |
| Orkutaxti 2 (DO2) | 60-200A | | | |
| Fastagjald | kr/ár | 53.833 | 66.753 | 59.755 |
| Orkugjald | kr/kWh | 4,68 | 5,81 | 5,20 |
| Jöfnunargjald | kr/kWh | 0,30 | 0,37 | 0,33 |
| Orkutaxti 3 (DO3) | 200-400A | | | |
| Fastagjald | kr/ár | 107.657 | 133.494 | 119.499 |
| Orkugjald | kr/kWh | 4,68 | 5,81 | 5,20 |
| Jöfnunargjald | kr/kWh | 0,30 | 0,37 | 0,33 |
| Orkutaxti 4 (DO4) | Yfir 400A | | | |
| Fastagjald | kr/ár | 215.319 | 266.995 | 239.004 |
| Orkugjald | kr/kWh | 4,68 | 5,81 | 5,20 |
| Jöfnunargjald | kr/kWh | 0,30 | 0,37 | 0,33 |
| Afltaxti (DA1) | Afltaxti | | | |
| Fastagjald | kr/ár | 215.319 | 266.995 | 239.004 |
| Aflgjald | kr./kW/ár | 8.594 | 10.656 | 9.539 |
| Orkugjald | kr/kWh | 2,19 | 2,72 | 2,43 |
| Jöfnunargjald | kr/kWh | 0,30 | 0,37 | 0,33 |
| Fasviksgjald | kr./kWh/stig | 0,164 | 0,203 | 0,182 |
| Afltaxti (DA2) | Ómæld notkun | | | |
| Fastagjald | kr/ár | 12.666 | 15.706 | 14.059 |
| Jöfnunargjald | kr./kW/ár | 1.796 | 2.227 | 1.993 |
| Aflgjald | kr./kW/ár | 149.987 | 185.984 | 166.486 |
| Ótrygg orka (DT1) | | | | |
| Fastagjald | kr/ár | 398.272 | 493.857 | 442.082 |
| Orkugjald | kr/kWh | 2,95 | 3,66 | 3,28 |
| Jöfnunargjald | kr/kWh | 0,10 | 0,127 | 0,114 |



| | | Eining | Verð án vsk. | Verð með 24,0% vsk |
|--|---|------------|-----------------|-----------------------|
| DV1 Vanskilainnheimta | Gjald lagt á við útsendingu innheimtubrúfs | kr./bréf | 2.447 | 3.034 |
| DV2 Veitulokun | Gjald fyrir lokun veitu á vinnutíma | kr/lokun | 10.319 | 12.795 |
| | Gjald fyrir opnun veitu á vinnutíma | kr/opnun | 0 | 0 |
| | Gjald fyrir opnun veitu utan vinnutíma | kr/opnun | 20.529 | 25.456 |
| DV3 Mælaálestrar | Reglubundnir álestrar | kr/álestur | 0 | 0 |
| | Aukaálestur starfsmanns dreifiveitu | kr/álestur | 4.281 | 5.309 |
| | Aukaálestur, sjálfsálestur notanda | kr/álestur | 0 | 0 |
| DV4 Götulýsing | Viðhaldsgjald | kr/kWh | 7,30 | 9,05 |
| Vp400 Greiðslumátar | Raunkostnaður, sjá skýringar | | | |
| Viðbótarmælar | Umfram 1 mæli á heimtaug | kr. | 39.520 | 49.005 |

Almennar skýringar:

Straumgildi (A=Amper).

Leyfilegar varstærðir í orkutöxtum miðað við aðalvör í töflu notanda:

60A: Staðlaðar varstærðir 35A - 80A, þriggja fasa - eða samsvarandi afl einfasa.

200A: Staðlaðar varstærðir 100A - 300A, þriggja fasa - eða samsvarandi afl einfasa.

400A: Staðlaðar varstærðir 315A - 400A, þriggja fasa - eða samsvarandi afl einfasa.

Aflgjald og sölutoppur

Aflgjald reiknast af sölutoppi ársins. Afltoppar, sem notaðir eru við útreikning á sölutoppi, eru mældir 60 mínútna meðaltoppur.

Í hverjum almanaksmánuði er reiknaður út sá toppur sem til álita kemur við útreikning á sölutoppi ársins, svokallaður mánaðartoppur.

Sölutoppur ársins reiknast síðan sem meðaltal fjögurra hæstu mánaðartoppanna. Sölutoppurinn skal að lágmarki vera 20 kW. Notanda með lægri útreiknaðan sölutopp er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt afltaxta, enda greiði hann þá að lágmarki fyrir 20 kW.



Útreikningur mánaðartopps

Ef aflmælingin byggist ekki á skráningu allra 60 mínútna gilda mánaðarins (er ekki tímamæld) er mánaðartoppurinn hæsti mældi afltoppurinn í mánuðinum. Álestur skal þá tekinn mánaðarlega, að jafnaði sem næst mánaðamótum.

Ef aflmælingin byggist á skráningu allra 60 mínútna gilda mánaðarins (er tímamæld) eru allir afltoppar að sumri og á vetrarnóttum margfaldaðir með stuðlinum 0,7 áður en mánaðartoppurinn er fundinn.

Skilyrði afltaxta

Afltaxtarnir eru veittir fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir veittir samhliða þeim. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega þar sem hún ber annan virðisaukaskatt og notandi á ekki endurgreiðslurétt á honum.

Háspennuafsláttur

Á afltöxtum er veittur 4% afsláttur af orkugjaldi og aflgjaldi ef mæling er á háspennu. Ekki er veittur afsláttur af fastagjaldi og fasviksgjaldi.

Fasvik

Falli meðalfasviksstuðull í tilteknum mánuði á tímabilinu frá og með 1. október til og með 1. maí, niður fyrir 0,9 er heimilt fyrir þann mánuð að krefjast viðbótarorkugjalds fyrir hvert hundradshlutastig, eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðullinn fer niður fyrir slíkt lágmark. Þetta viðbótarorkugjald kallast fasviksgjald í gjaldskránni og grunnur gjaldtökunnar er sama magntala og fyrir orkugjald viðkomandi taxa.

Innheimtugjald

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu, lagt á við útsendingu innheimtubrúfs.

Lokunargjöld

Gjöld til greiðslu kostnaðar við að loka og opna veitu. Dreifiveita annast lokun og opnun hvort heldur er vegna vanskila hjá dreifiveitu eða söluaðila.

Mælaálestrar

Aukaálestrar skulu að jafnaði fengnir með sjálfsálestri notanda sem komið er til skila gegnum síma, tölvupóst, skriflega eða með öðrum hætti.

Viðhaldsgjald götulýsingar

Dreifiveitan sér um uppsetningu lýsingarkerfa utanhúss, samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað. Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast dreifiveitan á sinn kostnað og viðhaldsgjaldinu er ætlað að standa straum af því.

Greiðslumátagjöld

Greiðslumáti er samheiti yfir það með hvaða hætti reikningur sem til verður í reikningskerfi er gerður greiðsluhæfur fyrir viðskiptavininn. Dæmi um greiðslumáta: beingreiðsla, boðgreiðsla, bankagreiðsla á greiðsluseðli, greiðsla í heimabanka, rafrænn greiðslumáti og þannig áfram. Greiðslumátar þróast og breytast enda er samkeppni milli fjölmargra aðila sem þar koma við sögu, svo sem í: bankaþjónustu, prentun, pökkun og útsendingu. Dreifiveitunni er skylt að láta eftirlitsaðila í té á hverjum tíma útreikninga á greiðslumátagjöldum.



Tengigjöld rafmagns

Tengigjöld rafmagns hjá Rafveitu Reyðarfjarðar eru sem hér segir:

| Tegund | Gerð | | Eining | Verð án vsk. | Verð með 24,0% vsk |
|----------------------------|-------|--------------|--------|-----------------|-----------------------|
| Heimtaug | 50A | Einfasa | kr. | 185.263 | 229.726 |
| | 50A | Þriggja fasa | kr. | 206.695 | 256.302 |
| | 80A | Þriggja fasa | kr. | 300.268 | 372.332 |
| | 100A | Þriggja fasa | kr. | 363.729 | 451.025 |
| | 200A | Þriggja fasa | kr. | 673.720 | 835.413 |
| | 315A | Þriggja fasa | kr. | 1.030.758 | 1.278.140 |
| | 400A | Þriggja fasa | kr. | 1.296.420 | 1.607.561 |
| | 500A | Þriggja fasa | kr. | 1.604.843 | 1.990.005 |
| | 630A | Þriggja fasa | kr. | 2.009.451 | 2.491.719 |
| | 800A | Þriggja fasa | kr. | 2.538.474 | 3.147.708 |
| | 1200A | Þriggja fasa | kr. | 3.779.483 | 4.686.558 |
| | 1600A | Þriggja fasa | kr. | 5.021.537 | 6.226.705 |
| | 2000A | Þriggja fasa | kr. | 6.262.545 | 7.765.556 |
| | 2800A | Þriggja fasa | kr. | 8.745.608 | 10.844.553 |
| Bráðabirgðaheimtaug | 50A | Einfasa | kr. | 36.593 | 45.375 |
| | 50A | Þriggja fasa | kr. | 46.107 | 57.172 |
| | 100A | Þriggja fasa | kr. | 65.239 | 80.897 |
| | 200A | Þriggja fasa | kr. | 104.132 | 129.123 |
| Stækkun heimtaugar | | Fastagjald | kr. | 36.593 | 37.471 |

Almennar skýringar:

Frágangur rafmagnsheimtauga skal vera samkvæmt Tæknilegum tengiskilmálum raforkudreifinga, TTR, útgefnir af Samorku (sjá www.samorka.is).



Tengigjöld

Heimtaugagjald miðast við að heimtaugastrengur sé kominn inn í töflu/mælikassa en rafverktaki annast tengingu hans á kostnað húseiganda. Lega heimtaugar frá lágspennudreifikerfi skal ákveðin í samráði við Rafveitu Reyðarfjarðar, en húseigandi sér um gröft og lögn á 50 mm röri fyrir heimtaug innan sinnar lóðamarka og annast frágang í samræmi við Tæknilega tengiskilmála raforkudreifingar.

Bráðabirgðaheimtaugar

Innifalið í grunngjaldi er kostnaður við uppsetningu mælis og spennusetning veitunnar. Annar kostnaður við framkvæmd verks greiðist samkvæmt skriflegu tilboði sem miðast við aðstæður hverju sinni. Bráðabirgðaheimtaugar skulu aflagðar innan 12 mánaða frá tengingu þeirra. Með bráðabirgðaheimtaug er átt við heimtaug sem fjarlægð er að verki loknu og gjald fyrir hana dregst ekki frá gjaldi fyrir varanlega heimtaug.

Stækkun heimtaugar

Auk greiðslu fyrir stækkun heimtaugar skal greiða fullt tengigjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu fyrra tengigjaldi samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Breyting á heimtaug

Breyting á heimtaug að ósk notanda eru alfarið á hans kostnað.

Staðsetning

Leita skal samþykkis Rafveitu Reyðarfjarðar fyrir staðsetningu inntaks heimtaugar sbr. tæknilega tengiskilmála TTR 4.1.2.

Framkvæmd

Umsækjanda ber að leggja, á sinn kostnað, plaströr fyrir heimtaugarstreng út fyrir lóðarmörk í samráði við Rafveitu Reyðarfjarðar og í samræmi við tæknilega tengiskilmála TTR 3.2.6.

Aukakostnaður og frávik

Sé heimtaug lögð að ósk notanda við óhagstæðar aðstæður, svo sem vegna frosts í jörðu eða aurbleytu, getur Rafveita Reyðarfjarðar krafist aukagjalds fyrir viðbótarkostnað sem af hlýst.

Fjarðabyggð 6. janúar 2020


Karl Ottar Pétursson
bæjarstjóri



Samþykkt í eigna- skipulags- og umhverfisnefnd 14. október 2019

Samþykkt í bæjarráði 28. október 2019

Samþykkt í bæjarstjórn 31. október 2019

Samþykkt í bæjarráði 6. janúar 2020

